



Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Fréttabréf

Janúar 2014

Frá 3. fundi foreldrafélags Sunnulækjarskóla skólaárið 2013-2014

Mætt: Aðalbjörg, Óskar, Linda, Ægir,
Hanna Rut, Álfheiður og Inga.



1. Fyrirspurn frá foreldri um hvort foreldrafélagið ætli að styrkja nemendur í 10. Bekk. Haft var samband við skólustjóra um gæslu nemenda í 10. Bekk og hefur það verið tekið fyrir innan skólans. Gæslan hefur gengið vel og foreldrafélagið vill styrkja nemendur áfram með þessum hætti. Í framhaldi var rætt um hvort styrkurinn ætti að hækka, upphæð verður ákveðin síðar. Hingað til hefur styrkurinn tekið mið af fjölda hópsins hverju sinni og þannig verður styrkurinn áfram.
2. Rætt um hluti sem foreldrafélagið gæti keypt og gefið í skólanum. Foreldrafélagið hefur tekið ákvörðun um að kaupa þythokkíborð og færa skólanum. Rætt um notkunarmöguleika á þessu borði og borðtennisborði sem fyrir er í skólanum. Ákveðið að kanna möguleika á því að gefa bolta til skólans.
3. Fræðslufundur fyrir foreldra. Rætt um hugmyndir að efni á fræðslufundum. M.a. rætt að fá fyrirlestur um tölvunotkun og samskiptaforrit. Vitundarvakningar er þörf á meðal foreldra í þessum efnum. Ákveðið að hafa samband við Gunnar forvarnarfulltrúa og hafa hann með í ráðum við val á efni. Á þennan fyrirlestur yrðu allir foreldrar í Árborg velkomnir. Ákveðið að hafa Þorstein fræðslustjóra einnig með í ráðum. Linda ætlar að hafa samband við Gunnar og Þorstein.
4. Rætt um stöðu á sjóði félagsins. Foreldrafélagið stendur vel og gengur vel að innheimta félagsgjöld.
5. Rætt lítillega um facebooksíðu félagsins. Lítið hefur verið sett inn á síðuna undanfarið. Inga ætlar að taka að sér að setja efni inn á síðuna.

Afmæli

Ágæt regla er að bjóða öllum úr sama kyni úr sama umsjónarhópi. Ef allir bjóða bara bestu vinunum, þá eru einhverjir sem fá sjaldan eða jafnvel aldrei afmælisboð. Afmæli getur verið gott tækifæri til að kynnast fleirum en nánustu vinum barnsins. Það á ekki að dreifa afmælisboðskortum í skólanum og það er æskilegt að láta vita ef að barn kemst ekki í afmælið.



6. Ýmis mál rædd, m.a. nestismál, hlutverk tengla o.fl. Ákveðið að senda póst á tengla og þeir hvattir til að hafa foreldravöld þar sem foreldrar hittast og ræða málin. Þetta hefur verið gert í nokkrum árgöngum og gefist vel. Einnig minnt á að ræða afmælisgjafir og boð í afmæli, mikilvægt að foreldrar barna ræði þessi mál og komið verði í veg fyrir að einhverjum verði aldrei eða sjaldan boðið.

Hugmynd að minna á notkun endurskinsmerkja og ábyrga hjólanotkun, hjálmanotkun o.fl. gott að nota facebook síðu í þetta verkefni.

Rætt um foreldrarölt, það hefur ekki verið í gangi í vetur en foreldrafélag Sunnulækjarskóla stefnir á að það fari í gang næsta vetur. Mikilvægt að fá yfirvöld skólamála í sveitarfélaginu með í þetta mál. Sett fram hugmynd að fara af stað með foreldrarölt þó svo að foreldrafélög í öðrum skólum ætli ekki að vera með. Einnig rætt um vímuefnanotkun unglinga og fyrirlestra um þau mál fyrir næsta vetur eða í vor. Hugsanlega tímabært að halda fyrirlestur um þau mál aftur. Í framhaldi ákveðið að skoða það að vera með tvo fyrirlestra á önninni, annan um tölvumál og hinn um vímuefni.

Síðasta haust varð stjórnin vitni að því að ungur maður var að týna sveppi á grasinu fyrir utan skólann. Þeim tilmælum er komið til bæjar- og skólafyrivalda að koma í veg fyrir að ofskynjunarsveppir vaxi fyrir utan skólann að hausti.

Ákveðið að næsti fundur verði 5. Mars kl. 16.30

Fundi slitið kl. 18.20